

NÝTT FYRIRKOMULAG UM SKRÁNINGU LEIKSKÓLABARNA Í DYMBILVIKU OG VETRARFRÍUM

Frá og með **1. janúar 2025** tóku gildi breytingar á skráningu leikskólabarna í dymbilviku (síðustu viku fyrir páska) og vetrarfríum.

Helstu atriði:

- Foreldrar þurfa að skrá börn í leikskólavistun á þessum tímabilum innan auglýsts skráningartíma.
- Ef ekki er skráð innan tímans er litið svo á að barnið sé í fríi og greiða foreldrar þá ekki fyrir þessa daga.
- Tekin verður ákvörðun um hvaða leikskólar verða opnir út frá fjölda skráðra barna. Tveir til þrjú leikskólar innan sveitarfélagsins verða opnir í vetrarfríum/dymbilviku og fara börnin í þá ásamt kennara ef þeirra leikskóli er lokaður.
- **Skráningartímabil:**
 - Opnað verður fyrir skráningu með mánaðar fyrirvara og fá foreldrar sendar nákvæmar upplýsingar fljótlega.
 - Skráning er opin í eina viku og **er bindandi**.

Markmið breytinganna:

- Að mæta áskorunum sem tengjast mönnun leikskóla, m.a. vegna styttingar vinnuvikunnar.
- Að veita foreldrum sem ekki nýta sér vistun í vetrarfríum og fríum yfir hátíðar afslátt af leikskólagjöldum.
- Að tryggja hagkvæma nýtingu á matarinnkaupum og einfalda skipulag leikskólastarfs í vetrarfríum og fríum yfir hátíðar.
- Að samræma skólaleyfi milli skólastiga.

Áhrif á leikskólagjöld:

Leikskólagjöld í febrúar 2025 (foreldrar nýta ekki vistun í vetrarfríi – 2 dagar)	Leikskólagjöld í febrúar 2025 (foreldrar nýta fulla vistun í vetrarfríi)	Mismunur
42.213 kr.	46.903 kr.	-4.690 kr.
Leikskólagjöld í apríl 2025 (foreldrar nýta ekki vistun í dymbilviku – 3 dagar)	Leikskólagjöld í apríl 2025 (foreldrar nýta fulla vistun í dymbilviku)	
39.084 kr.	46.903 kr.	-7.819 kr.

- Áfram verður lokað milli jóla og nýárs. Foreldrar greiða ekki fyrir þá daga.